


OiRA: Gagnvirkt áhættumatsverkfæri á netinu

Hvað er OiRA?

OiRA er netlægur vettvangur þar sem fyrirtæki geta fengið ókeypis gagnvirk verkfæri til að hjálpa þeim að framkvæma áhættumat og halda utan um áætlun um úrbætur. Verkfærin eru sérsniðin fyrir ýmiss konar starfsgreinar og lönd ESB. Þau gera fyrirtækjum kleift að koma í veg fyrir vinnuslys og sjúkdóma.

Áhættur í vinnuumhverfinu eru til staðar.
- Auðveldar og ókeypis lausnir til að meta
og koma í veg fyrir þær eru það líka!

OiRA verkfærin eru tiltæk á mörgum tungumálum og þau ná yfir ýmiss konar atvinnugreinar, þ.m.t. hársnyrtingu, skrifstofuvinnu og eldhús — og það er stöðugt verið að bæta við nýjum verkfærum. Notendum er leiðbeint skref fyrir skref í gegnum áhættumat sem er sérsniðið að aðstæðum í þeirra fyrirtæki. Verkfærið myndar aðgerðaáætlun sem býður upp á lausnir á vandamálum sem komu fram við áhættugreininguna.



Af hverju ættirðu að nota OiRA?

Verkfærin geta hjálpað til við að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna, auk þess sem fyrirtækin geta dregið úr kostnaðinum sem fylgir vinnutengdum sjúkdómum og slysum. Vinnuveitendur hafa lögbundna skyldu til að vernda starfsmenn sína og framkvæma áhættumat. Gott áhættumat þjónar hagsmunum fyrirtækjanna, enda er góð vinnuvernd mjög mikilvæg fyrir árangursríkan rekstur til lengri tíma.

Fyrir hvern er OiRA?

Allir þeir sem vilja stuðla að góðri vinnuvernd á sínum vinnustað geta notað OiRA. Þetta verkfæri er sérstaklega gagnlegt fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Eigendur og stjórnendur smærri og meðalstórra fyrirtækja telja oft að þeirra áhætta sé ekki það mikil að hún réttlæti þann kostnað og þá fyrirhöfn, né heldur nauðsynlega sérþekkingu sem þarf til að framkvæma lögbundið áhættumat. OiRA gerir hins vegar framkvæmd áhættumatsins auðveldu, jafnvel fyrir minnstu fyrirtækin. Virk þátttaka starfsfólks í ferlinu er mjög mikilvæg til að tryggja gott og skilvirkt áhættumat.

Mikill stuðningur fyrir smá og meðalstór fyrirtæki - til að halda utan um og stjórna áhættu á vinnustaðnum – Verkfærið er þróað af ESB, byggt af aðildarríkjum og notað af öllum.

Hvernig virkar OiRA?

Farðu á oiraproject.eu og veldu „OiRA verkfæri“ („OiRA Tools á ensku“). Þar getur þú leitað að verkfærum eftir landi, tungumáli eða starfsgrein. Þú getur prófað verkfærið án þess að vista niðurstöðurnar eða stofnað aðgang til að búa til áhættumat. Þú getur vistað áhættumatið og kallað fram seinna, sem þýðir að þú getur lokið því skref fyrir skref þegar þér hentar. Engar upplýsingar úr hverju áhættumati eru aðgengilegar öðrum en þeim sem gera þau, en ákveðnum tölfraðilegum upplýsingum um notkun er safnað.



www.oiraproject.eu